

6. janúar 1982.

1

Nr. 1.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um fjarskipti á skipum, nr. 432 15. okt. 1979.

1. gr.

Aftan við 4. gr. 1 komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau loðnuveiðiskip, sem falla undir 2. flokk og ekki hafa aðstöðu fyrir loft-skeytamann, fá frest frá gildistöku reglugerðar þessarar til 1. júní 1982 til að koma upp loftskeytaklefa með tilheyrandi búnaði og ráða loftskeytamann.

2. gr.

Fiskiskip allt að 55 metrum að skrásetningarlengd fá frest til að koma upp stutt-bylgjutalstöðvum til 1. júní 1982.

3. gr.

Skip með allt að 16 metra skrásetningarlengd mega vera búin metrabylgjustöð (V.H.F.) í stað millibylgjustöðva samkvæmt 6. gr. 6.4.1 og 6.5.1.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 52 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. janúar 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.